

Fornleifaskráning

vegna deiliskipulagsreits í landi
Stóru-Reykja/Lauga í Flóahreppi



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Maí 2007

2007/4

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Tilgangur fornleifaskráningar	3
Fornleifaskráning og aðferðir	3
Aðferð við fornleifaskráningu	5
Jarðanúmer	5
Tegund, hlutverk og heiti	5
Lega	6
Staðhættir og lýsing	6
Hættumat	6
Heimildir	5
Heimildamenn	7
Saga jarðanna og fornleifar	7
Saga Stóru-Reykja	8
Náttúrufar og jarðarbætur	9
Heimildaskrá	10
Fornleifar í landi Stóru-Reykja	12
Niðurlag	16

Inngangur

Fornleifaskráning á 76 hektara spildu úr landi Stóru-Reykja sem áður tilheyrði landi Lauga var gerð í apríl 2007 af Byggðasafni Árnesinga. Skráningin var gerð að beiðni Landforms landslagsarkitekta, fyrir hönd landeiganda. Svæðið á landamerki við jarðirnar Brúnastaði, Ölfusholt, Austurkot og Stóru-Reyki.

Svæðið er mjög þýft en landið hækkar nokkuð í norðvesturhorni reitsins og þar er mikið að hraun. Svæðið hefur verið nokkuð blautt sérstaklega í norðausturhorni reitsins og þar má finna minjar um mógrafir. Svæðið er nokkuð þurrt í dag enda hefur stór skurður verið grafinn inn á reitinn.

Fyrirhugað er að reisa býli á þessum reit .

Heimildarmenn við skráninguna voru Gísli Hauksson og Jónína Einarsdóttir bændur á Stóru-Reykjum og og var hjálp þeirra ómetanleg.

Deiliskráninguna annaðist Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur en Rúna Þráinsdóttir fornleifafræðinemi við Háskóla Íslands vann við hluta vettvangsvinnunnar

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

„... hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;

c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;

d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;

i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr."

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til." Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaaðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Þjörgunaruppgröftur sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar, svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í upplýsingakerfið Sarp sem er menaingsögulegur gagnagrunnur.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í *Jarðatali á Íslandi* frá 1847.

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndir eða teikningar eftir því sem við á. Minjar eru færðar inn á kort frá Landform og eru kort birt hér með góðfúslegu leyfi þeirra.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðarinnar, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem *Fasteignamat ríkisins* hefur úthlutað, t.d. Stóru-Reykir 166275-, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt *Jarðatali á Íslandi*, 18 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hvernjar jarðar. Bæjarstæði Hóla væri nr. 1 og þar afleiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Stóru-Reykir -166275-18-1. Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í *Jarðatali á Íslandi* flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyru við ritunjarðatalsins.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Gamlibrunnur, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lega

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS-hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi kort frá Landform. Hnitin sem gefin eru upp eru í landskerfinu ISN93.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Heimildamenn

Heimildamenn við skráninguna voru Gísli Hauksson og Jónína Einarsdóttir bændur á Stóru-Reykjum.

Saga jarðanna og fornleifar

Í kaflanum um sögu jarðanna og fornleifar er stiklað á stóru um sögu hvernar jarðar. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

Saga

Stóru-Reykir koma fyrst fram í heimildum í the *old Icelandic registers* frá árinu 1686¹.

Næstaheimild umjörðina er að finna íjarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín sem tóku útjarðir í Hraungerðishrepp árið 1709.² Jörðin er þá í eigu Oddgeirshólakirkju. Þá búa þar hjónin Einar Jónsson og Þuríður Jónsdóttir ásamt fjórum börnum, en þau bjuggu á Stóru-Reykjum til 1747.³

Á Stóru-Reykjum bjuggu frá 1747-1789 Ásbjörn Einarson sonur fyrri ábúanda og og Ingunn Einardóttir.⁴

Árið 1801 búa á Stóru-Reykjum hjón ásamt ungri dóttur og vinnukonu og manni og móður húsbóndans. Hétu hjónin Einar Arnarson og Þuríður Bernharðsdóttir.⁵ Fimmtán árum síðar eru komnir aðrir ábúendur á Stóru-Reyki. Þá búa þar hjónin Gísli Jónsson og Sólveig Benediktsdóttir ásamt stálpuðum börnum hennar sem voru fjögur. Einnig eru tvær vinnukonur og einn vinnumaður ásamt niðursetning. Heimilið telur þá alls tíu manns.⁶ Bjó þessi fjölskylda á Jörðinni til 1817.

Í manntali árið 1845 eru skráðir ábúendur á jörðinni Einar Árnason sem býr þar ásamt vinnufólki og niðursetningi.⁷ Í annari heimild eru ekki sömu íbúar skráðir á jörðina en þar eru skráð ábúendur frá 1841 Sólveig Benediktsdóttir og Gísli Jónsson.⁸ Ekki er ljóst að þessu sinni hvor heimildin er rétt. Í Sunnlenskum byggðum er greint frá því að sama fjölskyldan hafi búið að Stóru-Reykjum frá 1841.⁹ Í Manntali 1910 býr á jörðinni Helga Einarsdóttir sem þá var ný orðin ekkja.¹⁰ Sonur hennar Gísli Jónsson tók svo við búinu af móður sinni árið 1912 og bjó þar til 1960.¹¹

¹ Björn Lárusson. 1967. bls. 105

² Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 138

³ Ábúendatal Árnessýslu. óprentað handrit

⁴ Ábúendatal Árnessýslu. óprentað handrit

⁵ Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978 bls 228

⁶ Manntal á Íslandi 1816. 1947-1974 bls 254-255

⁷ Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt. 1982 bls 311

⁸ Ábúendatal Árnessýslu. óprentað handrit

⁹ Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981, bls. 486.

¹⁰ Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla. 1997 bls 242

¹¹ Ábúendatal Árnessýslu. óprentað handrit

Þegar Suðurlandssjálftar urðu árið 1896 voru að Stóru-Reykjum sjö bæjarhús og átta peningshús. Þrjú bæjarhús gjörféllu og fimm peningshús og níu hús voru mikið skemmd.¹²

Á tíma Gísla Jónssonar vildi það til að bærinn að Stóru-Reykjum brann. Tókst að bjarga nokkru að verðmætum eins og bókum og hreppskjölum. Byggt var timburhús með steiptum kjallara eftir brunann.¹³

Stórtí-Reykir virðast um langan tíma hafa verið um 15 hundruð.

Stóru-Reykir eiga kirkjusókn að Hraungerði.¹⁴

Náttúrufar og jarðabætur

Fyrsta heimild um jarðadýrleika Stóru-Reykja er að finna í *The old Icelandic registers* en árið 1686 er jörðin skráð 20 hundruð Í Jarðabók Áma Magnússonar og Páls Vídalín sem skráð var árið 1709 er jarðadýrleikinn orðin 15 hundruð og leigur gjaldast í smjóri heim að Skálholti eða Laugardælum. Bústofn nokkuð góður.¹⁵ Jarðabókin lýsir kostum og göllum jarðarinar á eftirfarandi hátt: Túninu grandar grjótsuppgangur til stórmeina, skógur til kolagerðar er að mestu upp eyddur, engjunum grandar vatn, kvikfé hætt fyrir árflóðum og vatnsból bregst sumar og vetur til stórmeina.¹⁶ Í Jarðartali Johnsens frá 1847 er jörðin metin á 15 hundruð. Í *Ný jarðabók fyrir Ísland* frá 1861 er jörðin skráð rúmlega 15 hundruð.¹⁷

Þegar Fasteignabókin 1932 var rituð var tún Stóru-Reykja 3,6 hektarar og matjurtargarðar 11,2 fm.¹⁸

Í Sunnlenskum byggðum er jörðinni lýst sem stórri með góðar áveituengjar sem er notað til beitar. Talsvert heiðarlendi er á jörðinni sem er gróið vallendisgrösum, lyngi og mosa. Nokkur veiðihlunnindi í Hvítá fylgja jörðinni. Grjót tefur ræktun. Allt land er afgirt. Tún 36,5 hektarar.¹⁹

¹² *Landskjálftar á Íslandi. 1899-1905*, bls. 182.

¹³ Jón Gíslason 1973 bls 141-151

¹⁴ *Sýslu og sóknarlýsingar Árnessýslu*. 1979, bls. 74

¹⁵ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 138

¹⁶ J. Johnsen. 1847 bls. 57.

¹⁷ *Ný jarðabók fyrir Ísland* [Ártal vantar], bls. 28.

¹⁸ *Fasteignabók*. 1932, bls.13.

¹⁹ *Sunnlenstar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 486.

Heimildaskrá

Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843. 1979.

Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Fasteignabók. 1932. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, Reykjavík.

Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.). *Landskrá fasteigna. Hraungerði* ..

Hraungerðishreppur. Sótt 20. September 2005 af <http://www.fmr.is>

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Jón Gíslason. 1973. *Úr farvegi aldana. Fyrsta bindi*. Skuggsjá. Reykjavík.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-19J7. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt. 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna.

Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla. 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Ný jarðabókforir Ísland [Ártal vantar]. Samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Prentað í J. H. Schultz 's prentsmiðju, Kaupmannahöfn.

Sunnlenskar byggðir. Flóinn. II. bindi. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands. [án útgáfust.]

Þorvaldur Thoroddsen 1899,1905 *Landsigálfar á Íslandi*. Hið Íslenska
Bókmenntafélag. Kaupmannahöfn.

Fornleifaskráning

166275-18-2

Hlutverk Óþekkt/rétt

Tegund Tóft

Staðsetning E 413307 N 386572

Staðhættir



Tóftin við Flóaveituskurð. Tekið austur.

Um 20 m suður af Snugghól sem er um nokkuð háir klettar og eru landamerki og fast við uppmokstur við stóra vélgrafna skurðinn frá gömlu Flóaáveituni er hlaðinn tóft.

Lýsing


Tóftin er hlaðinn úr hraungrýti og er 4x7 metrar að innanmáli og mjög heilleg. Op er í suður. Hleðsluhæð er um 40 cm og breidd hleðsla um 1 m. Líklegt er að þetta sé fjárrétt.

166275-18-3

Hlutverk Útihús

Tegund Tóft

Staðsetning E 412513 N 386658



Tóftirnar tvær, Ingólfsfjall í baksýn. Tekið í vestur.

Staðhættir

Um 800 m austur af veginum að Brúnastöðum, 300 m frá vestri mörkum deiliskipulagsreits og um 50 m suður að landamerkasteininum Bleikstein eru tvær tóftir. Tóftirnar standa á svæði sem stendur nokkuð hærra en landið í kring og myndar einskonar eyju frá hinu þýfða umhverfi.

Lýsing

Tóftirnar eru tvær og liggja samsíða og er um 3 metrar á milli þeirra. Þær snúa í austur vestur með op í vestur. Nokkuð hrun úr veggjum er inni tóftunum og er innanmál

þeirra um 1 m. Önnur tóftin I er með um 5 metra innanmál og hin II er með lengd um 3 metra að innanmáli. Hleðslu.hæð er um 50 cm til 80 cm. Grjótið í tófunum er mikið mosavaxið og nokkuð er af skófum á þeim. Líklegt er að þessar tóftir séu nokkuð gamlar. Líklega er um fjárhús að einhveju tagi að ræða, hugsanlega beitarhús.

16627S:18-4

Hlutverk Garður

Tegund Garðlag

Staðsetning E 412539 N 386664

Staðhættir

Um 26 m SA aftóftunum tveimur[3]

er hugsanlega garðlag.



Óljós garður í stórþýfðu umhverfi. Tekið í austur

Lýsing

Ekki er fullvíst að um garðlag sé að ræða þar sem þetta stórþýfða umhverfi virðist mynda ótrúlega beinar línur en þetta vekur athygli líka vegna þess að gróður er aðeins frábrugðin þeim sem eru á þúfunum í kring en mun meiri mosi er á hinum meinta garði. Garðlagið virðist vera byggt í sveig við grjóthæðina sem fjárhúsin standa á. Garðurinn er um 1 m á hæð og 50 cm á breidd.

166275-18-5

Hlutverk Gata

Tegund Leið

Staðsetning E 412718 N 386767



Götur sem liggja þvert yfir svæðið. Tekið í N-V

Staðhættir

Þvert yfir deiliskipulagsreitinn í átt frá Stóru-Reykjum liggur leið.

Leiðin kemur inn á deiliskipulagssvæðið um miðja veginn á austurlínu reitsins en þar er hlið á girðingu sem liggur í NS.

Lýsing

Leiðin er mjög greinileg og eru sum staðar 2-4 troðningar sem markast greinilega í jarðveginn. Leiðin liggur í átt að veginum að Brúnastöðum. Hefur líklega verið notuð lengi.

166275-18-6

Hlutverk Náma

Tegund mógröf

Staðsetning E 413074 N 386935



Staðhættir

Um 50m suð-austur af stórum skurði sem liggur yfir mitt deiliskráningarsvæðið er djúp laut. *Stæðsta mógröfin á svæðinu. Tekið í N-A.*

Lýsing

Svæðið er um 1-1/2 meter á dýpt og um 8 metrar á breidd og 20 metrar á lengd og mjög reglulegt. Bendir allt til að þarna sé um að ræða mógröf og eru fleiri minni á svæðinu.



66275-18-7

Hlutverk Garðlag

Tegund Landamerkjagarður

Staðsetning E 413301 N 386853

Landamerkjagarður við Brúnastaði. Tekið í norður

Staðhættir

Á mörkum deiliskipulagsreits við Brúnastaði er girðing sem stendur á gömlum landamerkjagarði.

Lýsing

Garðurinn liggur í N-S og markar landamerki Brúnastaða og Stóru-Reykja.


Garðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti og er um 80 cm hár og um 1/5 -1m að breidd.

Garðurinn heldur áfram í norður lengra en deiliskipulagsreiturinn nær og í suður rétt þar sem deiliskipulagslínan fer yfir heimreiðina að Brúnastöðum beygir garðurinn í SV og endar við Flóaáveituskurð. Garðurinn er 450 m frá Flóaáveitugarði að endamörkum deiliskipulagsreits en innan reitsins er hann 300 m.

Niðurlag

Við vettvangsrannsókn fundust sjö minjar innan deiliskipulagsreits og er staðsetning þeirra mjög dreifð um svæðið. Ekki verður að telja að neinar minjar séu í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda, ef skipulagsaðili tekur tillit til þeirra við skipulagningu á svæðinu. Einu minjarnar sem hægt er að raska á einhvern hátt eru útihúsatóftir í norð-vestur horni deiliskipulagsreits. Aðrar minjar eru þess eðlis og staðsettar þannig að lítill hættu er á röskun þeirra.

Þess ber að gæta að minjar geta einnig leynst undir yfirborðinu þótt ekkert sjáist í þær ofanjarðar. Það er því mikilvægt að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum. Slíkar framkvæmdir ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar.



Hnitaskrá í ISN93:

X-hnit	Y-hnit	Heiti pkt.
413307.00	386572.00	166275-18-2-Tóft/rétt
412513.00	386658.00	166275-18-3-Tóft/útihús
412539.00	386664.00	166275-18-4-Garðlag
412718.00	386767.00	166275-18-5-Leið
413074.00	386935.00	166275-18-6-Náma/Mógröf
413301.00	386853.00	166275-18-7-Landamerkjagarður

Skýringar

- Skráðar fornleifar af Byggðasafni Árnesinga
- Fornleif/garður
- Fornleif/leið
- Mörk svæðis þar sem fornleifaskráning hefur farið fram

Fornleifaskráning í landi Stóru Reykja í Flóahreppi

Uppdráttur byggður á fornleifaskráningu í landi Stóru Reykja sem fram fór í apríl 2007.

Punktar eru mældir í GPS og varpað yfir í ISN93

Teikn. nr. 001 4. maí 2007

Kortagerð: Landform ehf.

Byggðasafn Árnesinga Húsið 820 Eyrarbakka